



227. fundur Skólanefndar FS

19. maí 1998

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúinn Þorvaldur Örn Árnason, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kennararáðningar.
 2. Skólasamningur.
 3. Annarlok.
 4. Önnur mál.

1. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá umsóknum um kennarastöður og stöðu mála varðandi ráðningar.

2. Skólasamningur.

Sagt frá fundi formanns skólanefndar, skólameistara, aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra með ráðuneytismönnum um endurskoðun skólasamnings. Á fundinum var samþykkt að skólanefnd hæfi undirbúning að viðbyggingu við skólann. Skólanefnd samþykkir samhljóða að Kristbjörn Albertsson, Guðmundur Björnsson og Hjálmar Árnason skipi undirbúningsnefndina. Skólameistari kallar nefndina saman.

3. Annarlok.

Aðstoðarskólameistari sagði frá annarlokum og útskrift sem verður laugardaginn 23. maí.

4. Önnur mál.

- a) Rætt um samstarf við grunnskóla um tölvukennslu.
- b) Skólameistari sagði frá styrkjum sem skólinn hefur fengið til þróunarverkefna.
- c) Skólanefnd samþykkir samhljóða að veita kr. 700.000 til námsferðar kennara til Utrecht í Hollandi.
- d) Skólanefnd samþykkir samhljóða að greiða fulltrúa sínum í stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum fyrir fundarsetu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Umsókn um kennarastöður við FS

Benedikt Ingi Ásgeirsson 241273-5479	Sækir um kennarastarf í efnafræði. Menntun: Stúdentspróf af eðlisfræðibraut FS 1993, BS próf í efnafræði frá HÍ 1997. Störf: Frá og með 1. Júlí starfar hann hjá Raunvísindastofnun HÍ. Starfið felst í rannsóknum í ljósefnafræði. Starfar nú hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins við rannsóknir á steinsteypu.
Margrét Stefánsdóttir 1301702-4589	Sækir um starf sögukennara við FS. Menntun: Stúdent af hagfræði og viðskiptabraut FS 1992. BA próf í sagnfræði frá HÍ 1997. Störf: Sumarstarf 1991 - flokkstjóri í vinnuskóla Keflavíkurbæjar. Fornleifastofnun Íslands sumar 1997. Undirbúningur og frágangur vegna útgáfu sýslu-og sóknalýsinga Dalásýslu frá um 1840. Hefur starfað sem leiðbeinandi við Grunnskóla Njarðvíkur frá janúar 1998.
Karen Sturlaugsson 110856-8149	Sækir um heila stöðu stærðfræðikennara. Menntun: Er með BA gráðu í stærðfræði frá Atlantic Union College. Störf: Hefur kennt stærðfræði ásamt aðrar greinar í tvö ár við Hlíðardalsskóla Ölfusi. Eftir það aðallega tónlistarkennsla.
Gunnar Jónsson 180243-	Sækir um stöðu vélstjórnarkennara o.fl. Menntun: Stúdent frá MR. BA í frönsku og sagnfræði frá HÍ. Uppeldis-sálar-og kennslufræði frá HÍ 1969. Lögfræðingur frá HÍ

	1970. Framhaldsnám í lögfræði í Hamburg. Löggiltur dómtúlku og skjalapýðandi í fönsku 1970. Hdl. 1972. BA í spænsku og rússnesku frá HÍ 1988. Einkaflugmannspróf 1966, siglingafræðingur 1970, loftskýtamannsréttindi 1973 og vélstjóri IV. St. 1980.
Guðrún Ragnarsdóttir 170171-3659	Sækir um starf efnafræðikennara. Menntun: Stúdent frá Flensborgarskóla 1991. Meinataeknir við Tækniskóla Íslands 1994. Er í UK-námi. Störf: Hefur starfað sem meinataeknir. Var leiðbeinandi við grunnskólann á Reyðarfirði. Kennir við Fjölbraut Ármúla efnafræði 103, 303 og 412.
Sigurgeir Guðjónsson 280865-3979	Sækir um starf sögukennara. Menntun: BA í sagnfræði frá HÍ 1991. Lauk MA prófi í sagnfræði 1996. Hefur stundað kennslu við Síðuskóla á Akureyri í samfélagsfræði og stærðfræði.
Jón Eiríkur Guðmundsson 120759-5319	Sækir um kennarastarf ?? Er með sveinspróf í trésmíði. Hefur lokið framhaldsmenntuní byggingarfræði frá Byggeteknis Hójskole í Horsens. Hefur lokið uppeldis og kennslufræðum við kennaraskólann í Árósum.

Vinsamlegast birtið auglýsingu þessa í Morgunblaðinu sem kemur út sunnudaginn 19. apríl og setjið inn merki Fjölbrautaskóla Suðurnesja á auglýsinguna.

Framhaldsskólakennarar

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru nú lausar til umsóknar eftirfarandi kennarastöður frá og með 1. ágúst 1998.

Hársnyrtigreinar – heil staða

Kennsla fornámsnema – heil staða (áhersla á íslensku, námstækni og sjálfsstyrkingu).

Raungreinar (efnafræði/eðlisfræði) - heil staða

Saga – ½ staða

Stærðfræði - heil staða

Tölvukennsla – heil staða

Vélstjórn – heil staða

Viðskiptagreinar – heil staða

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum framhaldsskólakennara. Ekki er nauðsynlegt að skila inn umsóknum á sérstöku eyðublaði. Frekari upplýsingar um störf þessi veitir skólameistari í síma 421 3100.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru um 750 nemendur í dagskóla og 300 í öldungadeild. Kennarar og aðrir starfsmenn eru um 70. Nemendur skólans eru flestir búsettir á Suðurnesjum en þar búa um 15.000 manns í 5 sveitarfélögum. Kennarahópurinn er góður og vinnur auk kennslu að margvíslegum skólaþróunarverkefnum. Frá Reykjanesbæ eru aðeins 45 km til Reykjavíkur eftir upplýstri Reykjanesbrautinni.

Umsóknir þurfa að berast skólameistara fyrir 4. maí 1998.

Skólameistari

Ólafur Jón Arnbjörnsson

- Skólasamningur -

Inngangur

Menntamálaráðuneytið og Fjölbrautaskóli Suðurnesja gera með sér eftirfarandi skólasamning í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum og 39. gr. laga um framhaldsskóla.

Samningur þessi fjallar annars vegar um starfsemi stofnunarinnar og árangur sem henni er ætlað að ná og hins vegar um hvernig ráðuneytið í tengslum við fjárlagagerð mun standa að gerð tillagna um fjárveitingar til skólans sem byggja á starfsemi sem tilgreind er í samningnum og kröfum ráðuneytisins um árangur í rekstri.

Samningurinn er umgjörð um samskipti þessara aðila en breytir þó hvorki ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar né þeim stjórnsýsluskyldum sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur lögum samkvæmt.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins er samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum ráðuneytisins. Náí tillögur ráðuneytisins um fjárveitingar á fjárlögum ekki fram að ganga skal skólanum gerð grein fyrir því svo fljótt sem auðið er. Rekstrarframlag skólans er eftir sem áður ákveðið í fjárlögum. Þegar mat skólans liggur fyrir á því hvort eða að hve miklu leyti takist að sinna þeim verkefnum sem samningurinn gerir ráð fyrir skulu samningsaðilar meta hvort ástæða sé til sérstakra aðgerða, s.s. fresta ákveðnum verkefnum eða draga úr umfangi rekstursins.

1.0 Hlutverk

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er framhaldsskóli skv. skilgreiningu laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og starfar skv. þeim lögum undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

2.0 Markmið

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að sem flestir þeirra nemenda sem skrá sig í nám við skólann skili sér til prófs. Þessi áhersla menntamálaráðuneytisins kemur fram í því að þar sem fjöldi nemenda hefur áhrif á útreikninga reiknilkansins, er stuðst við nemendafgildi. Nemendafgildi eru fengin með því að margfalda þann fjölda nemenda sem þreytir próf með fjölda námseininga í hverjum áfanga og deila í þá tölu með einingafjölda sem ætla má að nemandi í fullu námi skili. Fullt tillit er tekið til mismunar sem getur hlotist af sérdeildum, fornámi og hægferðum.

Menntamálaráðuneytið gerir þá kröfu til framhaldsskóla að þeir skipuleggi starfsemi sína með þeim hætti að sem best nýting verði á þeim námshópum sem starfræktir eru við skólana. Þetta kemur til framkvæmda með þeim hætti að í reiknilkani er gert ráð fyrir 77,46% nýtingarhlutfalli, þ.e. að fjöldi nemenda sem þreytir próf í hverjum námshópi sé að meðaltali 77,46% af þeim fjölda sem gefinn er upp sem hámarksviðmið námshópa, sjá töflu í kafla 3.1. Menntamálaráðuneytið ákveður hvernig einstakir áfangar skulu flokkaðir.

Á samningstímanum skal skólinn vinna að því að skilgreina í hverju mismunur á fjölda innritaðra- og virkra nemenda felist. Ráðuneytið og skólinn munu í sameiningu leggja mat á að hve miklu leyti mismunurinn telst vera vandamál og leggja á ráðin um úrbætur ef ástæða þykir til.

Á samningstímanum skal skólinn vinna að gerð skólanámskrár á grundvelli Aðalnámskrár framhaldsskóla.

Á samningstímanum skal skólinn innleiða aðferðir við að meta skólastarfið.

Á samningstímanum mun skólinn efla forvarnarstarf og leita leiða til að stemma stigu við notkun nemenda á hvers konar vímuefnum.

3.0 Fjármögnun

Samkvæmt 39. gr. framhaldsskólaganna skulu rekstrarframlög reiknuð skólum eftir reglum í formi reiknilkans. Menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að fjárframlög ríkissjóðs til skólans á komandi fjárlagaári taki mið af niðurstöðu reiknilkans og starfsemi þeirri sem tilgreind er í 4. kafla. Samningur þessi kann að taka breytingum á samningstímanum í samræmi við efnisatriði 5. kafla.

3.1 Laun vegna kennslu og annarra starfa

Í reiknilskani er kennslukostnaður næstkomandi fjárlagaárs reiknaður á grundvelli meðallaunaflokks kennara við skólann í janúarmanuði liðandi fjárlagaárs. Einnig er miðað við fjölda kennslustunda og fjölda nemendaígilda sem skólanum eru reiknuð. Gert er ráð fyrir launatengdum gjöldum, álagi vegna annarra starfa kennara en kennslu, launum skólameistara og að hlutfallsleg skipting dagvinnu og yfirvinnu verði 80/20 á kennslutímabilinu.

Skólanum er reiknað 30% álag á kennslubátt reiknilskansins vegna annarra starfa kennara en kennslu. Þetta álag ákvarðar það svigrúm sem skólinn hefur til annarra starfa nema annað sé sérstaklega tekið fram varðandi einstaka efnispætti í 4. kafla.

Kennslustundafjöldi skólans ræðst af reikniformúlunni:

$$N \cdot V \cdot (35 / (H \cdot 25)) = K$$

N = Fjöldi nemendaígilda

V = Vísitala námsframboðs

H = Krafa ráðuneytisins um nýtingu námshópa, 77,46% (sjá 5. kafla)

35/25 = Vikulegar kennslustundir á nemanda miðað við 25 manna námshóp, 1,4 stundir

K = Kennslustundir á viku

Gerð er grein fyrir áætluðum fjölda nemendaígilda við skólann í kafla 4.1. Skólinn skal vegna næstkomandi fjárlagaárs miða innritun nemenda við áætlun þessa.

Fjárveitingar til skólans taka ekki breytingum ef munur á áætluðum fjölda nemendaígilda í forsendum fjárlaga og niðurstöðu talningar í skóla er innan við 3%. Fari fjöldi nemendaígilda niður fyrir 3% skekkjumörk skal skólinn endurgreiða í ríkissjóð af fjárveitingu til kennslu upphæð sem svarar til þess framlags sem skólinn hefur fengið fyrir þann fjölda nemendaígilda sem ber í milli neðri skekkjumarka og raunverulegs fjölda. Stefni í að fjölgun innritaðra nemenda leiði af sér að nemendaígildum fjölgar meira en sem nemur 3% skekkjumörkum skal þá með skriflegum hætti sækja sérstaklega til menntamálaráðuneytisins um að tekið verði tillit til aukningarinnar með viðbótar framlagi, áður en til innritunar kemur. Að öðrum kosti beitir menntamálaráðuneytið sér ekki fyrir auknum framlögum vegna fjölda nemendaígilda sem er umfram skekkjumörk.

Raunverulegur fjöldi nemendaígilda við skólann samanstendur af fjölda virkra nemenda og þess tillits sem tekið er til mismunartölu innritaðra nemenda og virkra, sjá viðmið í fylgiskjali 1, yfirlit 2. Fjöldi virkra nemenda er fenginn með því að telja saman námseiningar prófaðra nemenda í þeim fögum sem þeir taka próf í og deila í þá tölu með 17.5 sem telst vera fjöldi námseininga nemanda í fullu námi. Til viðbótar er tekið tillit til mismunartölu innritaðra nemenda í hlutfalli við vísitölu námsframboðs og hlutfall fornáms og hægferða af kennslu, sjá viðmið í fylgiskjali 1, yfirlit 3.

Vísitala námsframboðs er reiknuð á grundvelli fjölda og tegundar námshópa sem starfræktir voru á síðastliðnu fjárlagaári, í tengslum við brautaskipan sem samningur þessi gerir ráð fyrir, sjá kafla 4.1.

Í reiknilskani eru viðmið fyrir stærð námshópa eftirfarandi:

Tegund	Nem. í hóp.
Bóklegt nám	25
Eðlis-,efna- og líffræði	20
Milliflokkur	15
Verknám	12
Sérdeild	6
Fornám	15

Á fjárlagaárinu fær skólinn 96% af framlagi til kennslu greitt skv. greiðsluáætlun. 4% framlags vegna kennslu verður greitt til skólans í samræmi við uppgjör þegar fjöldi nemendaígilda á fjárlagaárinu hefur verið gerður upp. Önnur framlög til skóla eru greidd skv. greiðsluáætlun á fjárlagaárinu nema annað sé sérstaklega tekið fram í 4. kafla.

Verði nýting skólans í samræmi við eða betri en gert er ráð fyrir í reiknilskaninu er skólanum frjálst að nýta mismuninn til þess að bæta þjónustu skólans svo framarlega að nemendatölur séu í samræmi við samþykktar áætlanir um fjölda nemendaígilda eða innan 3% skekkjumarka.

3.2 Almennur rekstur

Í reiknilíkaninu er framlag vegna reksturs reiknað á grundvelli nemendaígilda, tegundar náms og fermetrafjölda skólans.

3.3 Viðhald húsnæðis

Gert er ráð fyrir að skólinn greiði húsaleigu fyrir húsnæði sem er í eigu ríkisins og skólinn ræður yfir. Húsaleiga er miðuð við fermetrafjölda. Fermetrafjöldi skólans kemur fram í fylgiskjali 1.

Reiknilíkanin reiknar skólanum framlag til þess að standa straum af húsaleigu. Framlagið er að hálfu reiknað á grundvelli fermetrafjölda og að hálfu miðað við fjölda nemendaígilda og tegundar náms. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að upphæð sem svarar helming greiddrar húsaleigu verði varið til almenns viðhalds á skólanum. Sá hluti húsaleigunnar sem ekki er varið til almenns viðhalds á skólanum verður nýttur á vegum ráðuneytisins til sérstakra viðhaldsverkefna í framhaldsskólum.

Gerð er grein fyrir framlagi sem skólanum er ætlað til þess að standa straum af húsaleigu og húsaleigu sem skólanum er ætlað að greiða í fylgiskjali 1 yfirlit 5.

3.4 Heimavist

Engin heimavist er við skólann.

3.5 Önnur verkefni

Fjallað er um önnur verkefni í kafla 4.2. Ef annað er ekki tekið fram í kafla 4.2 í umfjöllun um einstaka efnisþætti skal skólinn fjármagna verkefni af framlögum til skólans vegna dagskóla. Í yfirliti yfir sérstök verkefni við skólann er greint frá áætluðum greiðslum vegna verkefna sem greitt er sérstaklega fyrir, sjá fylgiskjal 1 yfirlit 4.

Ef greitt er sérstaklega fyrir önnur verkefni skal aðgreina rekstarútgjöld og rekstartekjur vegna þeirra sérstaklega frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans.

4.0 Kennsla og önnur starfsemi á fjárlagaárinu 1998

4.1 Kennsla

Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1998 beitir menntamálaráðuneytið sér fyrir því að fjárframlög ríkisins til skólans taki mið af því að starfræktar verði eftirtaldar námsbrautir við skólann að því tilskyldu að heildar nýtingarhlutfall skólans verði í samræmi við viðmiðunarmörk.

Vorönn 1998:

- Eðlisfræðibraut
- Félagsfræðibraut
- Fornám
- Grunndeild málmiðna
- Grunndeild rafiðna
- Grunndeild tréiðna
- Hagfræðibraut
- Hársnyrtibraut, 1. og 2. önn.
- Húsasmiði, sambundið nám
- Íþróttabraut
- Málabraut (nýmálabr.)
- Netagerð
- Náttúrufræðibraut
- Rafvirkjun, verknámsbraut
- Sérdeild fyrir þroskahefta nemendur
- Sjúkraliðabraut
- Sjávarútvegsbraut
- Tónlistabraut
- Tæknibraut (allir áfangar eru einnig á eðlisfræðibraut)
- Uppeldisbraut (er hluti af félagsfræðibraut)
- Vélstjórn, 1. og 2. stig
- Viðskiptabraut. (er hluti af hagfræðibraut)

Haustönn 1998:

Breyting getur orðið á ofangreindu námsframboði skólans á haustönn 1998, sbr. gr. 5.1. Á fjárlagaárinu 1998 er gert ráð fyrir að nemendagildi skólans verði sem hér segir:

Almennt framhaldsskólanám	702
Kvöldskóli	100

4.2 Önnur verkefni

Skólinn mun einnig annast eftirtalin verkefni á fjárlagaárinu 1998:

- Rekstur sérdeildar fyrir þroskahefta (9 nemendur). Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Rekstur öldungadeildar og meistarakóla samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 80/1996 og reglugerð nr. 279/1997. Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Þátttaka í starfrækslu Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum samkv. staðfestri skipulagsskrá. Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Þátttaka í Leonardo-verkefninu "European regional vocational counseling". Þetta er þriggja ára verkefni þar sem Spánn og Portugal taka einnig þátt.
- Þátttaka í Sókrates-verkefninu "Learning boutique". Þetta er þriggja ára verkefni þar sem Danir og Þjóðverjar taka einnig þátt.
- Þátttaka í verkefni ásamt Ítölum, Spáverjum og Portugölum sem tengist heilsufari nemenda.
- Þátttaka í alþjóðlega verkefninu "Globe" um umhverfisfræðslu og umhverfisvernd.
- Þátttaka í verkefninu "Markviss uppbygging starfsmenntunar" ásamt Starfsmenntafélaginu. Þetta er 18 mánaða verkefni.
- Þar sem fyrirjafnaðlegt er að fjölgun nemenda í kvöldskóla verður meiri en gert er ráð fyrir í áætlunum verður greitt til skólans viðbótarframlag vegna kvöldskóla 1,5 m.kr. Greiðsla þessi kemur til viðbótar tillögu ráðuneytisins um fjárveitingu til skólans á fjárlögum sbr. fylgiskjal 1, yfirlit 6.

5.0 Starfsáætlun skólans á samningstímanum

Gert er ráð fyrir að nemendagildi skólans á árunum 1999 og 2000 verði sem hér segir:

Nemendagildi	1999	2000
Almennt framhaldsskólanám	715	730

Námsframboð skólans á samningstímanum verður eins og fram kemur í gr. 4.1 með þeim breytingum sem fram koma í gr. 5.1 og 5.2.

5.1 Breytt starfsemi

Ekkert hefur verið ákveðið um breytta starfsemi skólans.

5.2 Undirbúningur og ákvarðanataka

Samningsaðilar eru sammála um að kanna eftirtalda efnisþætti og stefna að því að ákvarðanir um þá verði teknar á samningstímanum í þeirri tíma- og forgangs röð sem hér segir:

- Flugþjónustubraut. Skólinn hefur verið að kanna rekstur brautar sem byggir nemendur undir störf í flugþjónustu. Viðræður hafa verið í gangi við Flugleiðir og starfsgreinafélög á svæðinu um þessa braut. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 1998.
- Hönnunarbraut. Skólinn hefur áhuga á að koma á fót hönnunarbraut. Aðstaða í skólanum til þess er mjög góð. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 1999.
- Verslunarbraut. Skólinn hefur áhuga á að bjóða fram nám á verslunarbraut eins og rekin hefur verið í Borgarholtsskóla. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 1999.
- Félagsþjónustubraut. Skólinn hefur áhuga á að bjóða fram nám á umönnunarbraut eins og rekin hefur verið í Borgarholtsskóla. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. janúar 1999. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 2000.

6.0 Skil á upplýsingum

Í febrúar og október ár hvert skal skólinn skila sundurliðuðum upplýsingum til ráðuneytisins um fjölda innritaðra nemenda við skólann og hvernig þeir skiptast í almennt dagskólanám, fornám, sérdeildir og kvöldskóla. Skólinn skal einnig upplýsa um fjölda kenndra kennslustunda.

Í lok hverrar annar, eigi síðar en 3 vikum frá síðasta prófdegi skal skólinn skila eftirfarandi upplýsingum um hvern kenndan áfanga: fjölda innritaðra nemenda, fjölda námseininga sem próf hafa verið þreytt í, áfangaheiti, áfanganúmer og fjölda námseininga. Gera skal sérstaklega grein fyrir fjölda nemenda sem skráður er með fall í áfanga án þess að þeir þreyti próf og þeirra sem sannarlega þreyta próf. Upplýsingum skal skilað á formi sem ráðuneytið lætur skólanum í té.


Á tímabilinu febrúar - mars mun ráðuneytið boða til fundar þar sem skólinn kynni ársskýrslu vegna síðastliðins fjárlagaárs. Ef ástæða þykir til skal fjalla um tillögur að breytingum á 5. kafla vegna næstkomandi fjárlagaárs.


7.0 Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 1998 og gildir í 3 ár. Samningurinn skal endurútgefinn árlega. Þá skal uppfæra 2. og 4. kafla í samræmi við ákvæði 5. kafla. Þá skal einnig endurskoða yfirlit yfir áætlaðan fjölda nemendaígilda og uppfæra vísitölu námsframboðs í samræmi við niðurstöður úr reiknilíkani. Með árlegri endurútgáfu er samningurinn framlengdur um eitt ár nema annað sé tekið fram í 4. eða 5. kafla. Við árlega endurskoðun á samningnum er heimilt að gera allar þær endurbætur á 2. og 5. kafla sem aðilar samningsins telja nauðsynlegar eða megi verða skólastarfinu til framdráttar. Stefnt skal að því að samningurinn verði endurútgefinn í júnímánuði ár hvert. Heimilt er að endurskoða samninginn ef ófyrirséðar aðstæður valda því, að mati beggja samningsaðila, að ákvæði samningsins eru talin óraunhæf.

Reiknilíkaníð tekur mið af almennum verðlagsuppfærslum fjárlaga á milli ára. Auk þessa mun menntamálaráðuneytið beita sér fyrir almennri endurskoðun á viðmiðum sem stuðst er við í líkaninu á 4 ára fresti.

Reykjavík 17. febrúar 1998


Menntamálaráðherra


Skólameistari


Formaður skólaneftdar

-Drög-

- Skólasamningur -

Inngangur

Menntamálaráðuneytið og Fjölbraitaskóli Suðurnesja gera með sér eftirfarandi skólasamning í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum og 39. gr. laga um framhaldsskóla.

Samningur þessi fjallar annars vegar um starfsemi stofnunarinnar og árangur sem henni er ætlað að ná og hins vegar um hvernig ráðuneytið í tengslum við fjárlagagærd mun standa að gerð tillagna um fjárveitingar til skólans sem byggja á starfsemi sem tilgreind er í samningnum og kröfum ráðuneytisins um árangur í rekstri.

Samningurinn er ungjörð um samskipti þessara aðila en breytir þó hvorki ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar né þeim stjórnisýsluskyldum sem Fjölbraitaskóli Suðurnesja hefur lögum samkvæmt.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins er samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum ráðuneytisins. Nál tillögur ráðuneytisins um fjárveitingar á fjárlögum ekki fram að ganga skal skólanum gerð grein fyrir því svo fljótt sem auðið er. Rekstrarframlag skólans er eftir sem áður ákveðið í fjárlögum. Þegar nán skólans liggur fyrir á því hvort eða að hve miklu leyti takist að sinna þeim verkefnum sem samningurinn gerir ráð fyrir skulu samningsaðilar meta hvort ástæða sé til sérstakra aðgerða, s.s. fresta ákveðnum verkefnum eða draga úr umfangi rekstursins.

1.0 Hlutverk

Fjölbraitaskóli Suðurnesja er framhaldsskóli skv. skilgreiningu laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og starfur skv. þeim lögum undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

2.0 Markmið

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að sem flestir þeirra nemenda sem skrá sig í nám við skólann skili sér til prófs. Þessi áhersla menntamálaráðuneytisins kemur fram í því að þar sem fjöldi nemenda hefur áhrif á útreikningu reiknilkansins, er stuðst við nemendafgildi. Nemendafgildi eru fengin með því að margfalda þann fjölda nemenda sem þreytir próf með fjölda námskeininga í hverjum áfanga og deila í þá tölu með einingafjölda sem ætla má að nemandi í fullu námi skili. Fullt tillit er tekið til mismunar sem getur hlotist af sérdeildum, fornámi og hægferðum.

Menntamálaráðuneytið gerir þá kröfu til framhaldsskóla að þeir skipuleggi starfsemi sína með þeim hætti að sem best nýting verði á þeim námshópum sem starfræktir eru við skólana. Þetta kemur til framkvæmda með þeim hætti að í reiknilkani er gert ráð fyrir 77,46% nýtingarhlutfalli, þ.e. að fjöldi nemenda sem þreytir próf í hverjum námshópi sé að meðaltali 77,46% af þeim fjölda sem gefinn er upp sem hámarksfjöldi námsliópu, sjá tölu í kafla 3.1. Menntamálaráðuneytið ákveður hvernig einstakir áfangar skulu flokkaðir.

Á samningsstímanum skal skólinn vinna að því að skilgreina í hverju mismunur á fjölda innritaðra- og virkra nemenda felist. Ráðuneytið og skólinn munu í sameiningu leggja mat á að hve miklu leyti mismunurinn telst vera vandamál og leggja á ráðin um úrbætur ef ástæða þykir til.

Á samningsstímanum skal skólinn vinna að gerð skólanámskrár á grundvelli Aðalnámskrár framhaldsskóla.

Á samningsstímanum skal skólinn innleiða aðferðir við að meta skólastarfið.

Á samningsstímanum mun skólinn efla forvarnarskið og leita leiða til að stemma stigu við notkun nemenda á hvers konar vímuefnum.

3.0 Fjármögnun

Samkvæmt 39. gr. framhaldsskólalaganna skulu rekstrarframlög reiknuð skólum eftir reglum í forni reiknilkans. Menntamálaráðuneytið hefur sér fyrir því að fjárframlög ríkissjóðs til skólans á komandi fjárlagaári taki mið af niðurstöðu reiknilkans og starfsemi þeirri sem tilgreind er í 4. kafla. Samningur þessi kann að taka broytingum á samningsstímanum í samræmi við efnisatriði 5. kafla.

3.1 Laun vegna kennslu og annarra starfa

Í reiknilskani er kennslukostnaður næstkomandi fjárlagaárs reiknaður á grundvelli meðallaunaflokks kennara við skólann í janúarmánuði liðandi fjárlagaárs. Einnig er miðað við fjölda kennslustunda og fjölda nemendafgilda sem skólanum eru reiknuð. Gert er ráð fyrir launatengdum gjöldum, álagi vegna annarra starfa kennara en kennslu, launum skólameistara og að hlutfallsleg skipting dagvinnu og yfirvinnu verði 80/20 á kennslutímabilinu.

Skólanum er reiknað 30% álag á kennsluþátt reiknilskansins vegna annarra starfa kennara en kennslu. Þetta álag ákvarðar það svigrúm sem skólinn hefur til annarra starfa nema annað sé sérstaklega tekið fram varðandi einstaka efnisþætti í 4. kafla.

Kennslustundafjöldi skólans ræðst af reikniformúlunni:

$$N \cdot V \cdot (35 / (H \cdot 25)) = K$$

N = Fjöldi nemendafgilda

V = Vísitala námsframboðs

H = Kröfu ráðuneytisins um nýtingu námsþópa, 77,46% (sjá 5. kafla)

35/25 = Vikulegar kennslustundir á nemanda miðað við 25 manna námsþóp, 1,4 stundir

K = Kennslustundir á viku

Gert er grein fyrir áætlðum fjölda nemendafgilda við skólann í kafla 4.1. Skólinn skal vegna næstkomandi fjárlagaárs miða innriun nemenda við áætlun þessa.

Fjárveitingar til skólans taka ekki breytingum ef munur á áætlðum fjölda nemendafgilda í forsendum fjárlaga og niðurstöðu talningar í skóla er innan við 3%. Fari fjöldi nemendafgilda niður fyrir 3% skekkjumörk skal skólinn endurgreiða í ríkissjóð af fjárveitingu til kennslu upphæð sem svarar til þess framlags sem skólinn hefur fengið fyrir þann fjölda nemendafgilda sem ber í milli neðri skekkjumarka og raunverulegs fjölda. Stefni í að fjölgun innritaðra nemenda leiði af sér að nemendafgildum fjölgar meira en sem nemur 3% skekkjumörkum skal þá með skriflegum hætti sækja sérstaklega til menntamálaráðuneytisins um að tekið verði tillit til aukningarinnar með viðbótar framlagi, áður en til innritunar kemur. Að öðrum kosti beitir menntamálaráðuneytið sér ekki fyrir auknum framlögum vegna fjölda nemendafgilda sem er umfram skekkjumörk.

Raunverulegur fjöldi nemendafgilda við skólann samanstendur af fjölda virkra nemenda og þess tillits sem tekið er til mismunartölu innritaðra nemenda og virkra, sjá viðmið í fylgiskjali 1, yfirlit 2. Fjöldi virkra nemenda er fenginn með því að telja saman námseiningar prófaðra nemenda í þeim fögum sem þeir taka próf í og deila í þá tölu með 17,5 sem telst vera fjöldi námseininga nemanda í fullu námi. Til viðbótar er tekið tillit til mismunartölu innritaðra nemenda í hlutfalli við vísitölu námsframboðs og hlutfall fornáms og hægferða af kennslu, sjá viðmið í fylgiskjali 1, yfirlit 3.

Vísitala námsframboðs er reiknuð á grundvelli fjölda og tegundar námsþópa sem starfræktir voru á síðastliðnu fjárlagaári, í tengslum við brautaskipan sem samningur þessi gerir ráð fyrir, sjá kafla 4.1.

Í reiknilskani eru viðmið fyrir stærð námsþópa eftirfarandi:

Tegund	Nem. í hóp.
Bóklegt nám	25
Eðlis-,efna- og líffræði	20
Míllíflokkur	15
Verknám	12
Sérdeild	6
For nám	15

Á fjárlagaárinu fær skólinn 96% af framlagi til kennslu greitt skv. greiðsluáætlun, 4% framlags vegna kennslu verður greitt til skólans í samræmi við uppgjör þegar fjöldi nemendafgilda á fjárlagaárinu hefur verið gerður upp. Önnur framlög til skóla eru greidd skv. greiðsluáætlun á fjárlagaárinu nema annað sé sérstaklega tekið fram í 4. kafla.

Verði nýting skólans í samræmi við eða betri en gert er ráð fyrir í reiknilskaninu er skólanum frjálst að nýta mismuninn til þess að bæta þjónustu skólans svo framarlega að nemendatölur séu í samræmi við samþykktar áætlanir um fjölda nemendafgilda eða innan 3% skekkjumarka.

3.2 Almennur rekstur

Í reiknilíkaninu er framlag vegna reksturs reiknað á grundvelli nemendafgllda, tegundar náms og fermetrafjölda skólans.

3.3 Viðhald húsnæðis

Cert er ráð fyrir að skólinn greiði húsaleigu fyrir húsnæði sem er í eigu ríkisins og skólinn ræður yfir. Húsaleiga er miðuð við fermetrafjölda. Fermetrafjöldi skólans kemur fram í fylgiskjali 1.

Reiknilíkanin reiknar skólanum framlag til þess að standa straum af húsaleigu. Framlagið er að hálfu reiknað á grundvelli fermetrafjölda og að hálfu miðuð við fjölda nemendafgllda og tegundar náms. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að upphæð sem svarar helming greiddrar húsaleigu verði varið til almenns viðhalds á skólanum. Sá hluti húsaleigunnar sem ekki er varið til almenns viðhalds á skólanum verður nýttur á vegum ráðuneytisins til sérstakra viðhaldsverkefna í framhaldsskólum.

Gerð er grein fyrir framlagi sem skólanum er ætlað til þess að standa straum af húsaleigu og húsaleigu sem skólanum er ætlað að greiða í fylgiskjali 1 yfirlit 5.

3.4 Helmavist

Engin heimavist er við skólann.

3.5 Önnur verkefni

Fjallað er um önnur verkefni í kafla 4.2. Ef annað er ekki tekið fram í kafla 4.2 í umfjöllun um einstaka efnisþætti skal skólinn fjármagna verkefni af framlögum til skólans vegna dagskóla. Í yfirliti yfir sérstök verkefni við skólann er greint frá áætluðum greiðslum vegna verkefna sem greitt er sérstaklega fyrir, sjá fylgiskjal 1 yfirlit 4.

Ef greitt er sérstaklega fyrir önnur verkefni skal aðgreina rekstarútgjöld og rekstartekjur vegna þeirra sérstaklega frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans.

4.0 Kennsla og önnur starfsemi á fjárlagaárinu 1998

4.1 Kennsla

Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1998 beitir menntamálaráðuneytið sér fyrir því að fjárfrahlög ríkisins til skólans taki mið af því að starfræktar verði eftirtaldar námsbrautir við skólann að því tilskyldu að heildar nýtingarhlutfall skólans verði í samræmi við viðmiðunarmörk.

Vorönn 1998:

- Eðlisfræðibraut
- Félagsfræðibraut
- Fornám
- Grunndeild málmiðna
- Grunndeild rafiðna
- Grunndeild tréiðna
- Hagfræðibraut
- Hársnyrtibraut, 1. og 2. önn.
- Húsnæði, sambundið nám
- Íþróttabraut
- Málabraut (nýmálabr.)
- Netagerð
- Náttúrufræðibraut
- Rafvirkjun, verknámsbraut
- Sérdeild fyrir þroskahöfna nemendur
- Sjúkraliðabraut
- Sjávarútvegsbraut
- Tækni (allir áfangar eru einnig á eðlisfræðibraut)
- Uppeldisbraut (er hluti af félagsfræðibraut)
- Vélsjórn, 1. og 2. stig
- Viðskiptabraut. (er hluti af hagfræðibraut)

Haustönn 1998:

Breyting getur orðið á ofangreindu námsframboði skólans á haustönn 1998, sbr. gr. 5.1. Á fjárlagaárinu 1998 er gert ráð fyrir að nemendafgildi skólans verði sem hér segir:

Almennt framhaldsskólanám	702
Kvöldskóli	100

4.2 Önnur verkefni

Skólinn mun einnig annast eftirtalin verkefni á fjárlagaárinu 1998:

- Rekstur sérdeildar fyrir þroskahefna (9 nemendur). Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Rekstur öldungadeildar og meistarakóla samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 80/1996 og reglugerð nr. 279/1997. Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Þátttaka í starfrækslu Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum samkv. staðfestri skipulagsskrá. Fyrir þetta verkefni er greitt sérstaklega, sjá fylgiskjal 1, yfirlit 4.
- Þátttaka í Leonardo-verkefninu "European regional vocational counseling". Þetta er þriggja ára verkefni þar sem Spánn og Portugal taka einnig þátt.
- Þátttaka í Sókrates-verkefninu "Learning boutique". Þetta er þriggja ára verkefni þar sem Danir og Ísjóðverjar taka einnig þátt.
- Þátttaka í verkefni ásamt Ítölum, Spáverjum og Portugólum sem tengist heilsufari nemenda.
- Þátttaka í alþjóðlega verkefninu "Globe" um umhverfisfræðslu og umhverfisvernd.
- Þátttaka í verkefninu "Markviss uppbygging starfsmenntunar" ásamt Starfsmenntafélaginu. Þetta er 18 mánaða verkefni.
- Þar sem fyrirþáanlegt er að fjölgun nemenda í kvöldskóla verður meiri en gert er ráð fyrir í áætlunum verður greitt til skólans viðbótarframlag vegna kvöldskóla 450 þ.kr. Greiðsla þessi kemur til viðbótar tillögu ráðuneytisins um fjárveitingu til skólans á fjárlögum sbr. fylgiskjal 1, yfirlit 6.

5.0 Starfsáætlun skólans á samningstímanum

Gert er ráð fyrir að nemendafgildi skólans á árunum 1999 og 2000 verði sem hér segir:

Nemendafgildi	1999	2000
Almennt framhaldsskólanám	715	730

Námsframboð skólans á samningstímanum verður eins og fram kemur í gr. 4.1 með þeim breytingum sem fram koma í gr. 5.1 og 5.2.

5.1 Breytt starfsemi

Ekkert hefur verið ákveðið um breytta starfsemi skólans.

5.2 Undirbúningur og ákvarðanatöku

Samningsaðilar eru sammála um að kanna eftirtalda efnisþætti og stefna að því að ákvarðanir um þá verði teknar á samningstímanum í þeirri tímu- og forgangsrið sem hér segir:

- Flugþjónustubraut. Skólinn hefur verið að kanna rekstur brautar sem byggir nemendur undir störf í flugþjónustu. Viðræður hafa verið í gangi við Flugleiðir og starfsgreinafélag á svæðinu um þessa braut. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á vorönn 1999.
- Hönnunarbraut. Skólinn hefur áhuga á að koma á fót hönnunarbraut. Aðstaða í skólanum til þess er mjög góð. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 1999.
- Verslunarbraut. Skólinn hefur áhuga á að bjóða fram nám á verslunarbraut eins og rekin hefur verið í Borgarhóltsskóla. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. mars 1998. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 1999.
- Félagsþjónustubraut. Skólinn hefur áhuga á að bjóða fram nám á unönnunarbraut eins og rekin hefur verið í Borgarhóltsskóla. Skólinn skal leggja fram tillögur um námskipan slíkrar brautar samkvæmt reglum ráðuneytisins þar um. Þessar tillögur þurfa að liggja fyrir 1. janúar 1999. Ef grundvöllur reynist til þess að bjóða fram námið verði stefnt að því að það hefjist á haustönn 2000.

6.0 Skil á upplýsingum

Í febrúar og október ár hvert skal skólinn skila sundurliðuðum upplýsingum til ráðuneytisins um fjölda innritaðra nemenda við skólann og hvernig þeir skiptast í almennt dagskólanám, forám, sérdeildir og kvöldskóla. Skólinn skal einnig upplýsa um fjölda kenndra kennslustunda.

Í lok hverrar annar, eigi síðar en 3 vikum frá síðasta prófdegi skal skólinn skila eftirfarandi upplýsingum um hvern kenndan áfanga: fjölda innritaðra nemenda, fjölda námseininga sem próf hafa verið þreytt í, áfangaleiti, áfanganúmer og fjölda námseininga. Gera skal sérstaklega grein fyrir fjölda nemenda sem skráður er með fall í áfanga án þess að þeir þreyti próf og þeirra sem sannarlega þreyta próf. Upplýsingum skal skilað á formi sem ráðuneytið lætur skólanum í té.

Á tímabilinu febrúar - mars mun ráðuneytið boða til fundar þar sem skólinn kynnir ársskýrslu vegna síðastliðins fjárlagaárs. Ef ástæða þykir til skal fjalla um tillögur að breytingum á 5. kafla vegna næstkomandi fjárlagaárs.

7.0 Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 1998 og gildir í 3 ár. Samningurinn skal endurútfærinn árlega. Þá skal uppfæra 2. og 4. kafla í samræmi við ákvæði 5. kafla. Þá skal einnig endurskoða yfirlit yfir áætlaðan fjölda nemendafalda og uppfæra vísitölu námsframboðs í samræmi við niðurstöður úr reiknilíkani. Með árlegri endurútgáfu er samningurinn framlengdur um eitt ár nema annað sé tekið fram í 4. eða 5. kafla. Við árlega endurskoðun á samningnum er heimilt að gera allar þær endurbætur á 2. og 5. kafla sem aðilar samningsins telja nauðsynlegar eða megi verða skólastarfinu til framdráttar. Stofnt skal að því að samningurinn verði endurútfærinn í júní mánuði ár hvert. Heimilt er að endurskoða samninginn ef ófyrirséðar aðstæður valda því, að mati beggja samningsaðila, að ákvæði samningsins eru talin óraunhæf.

Reiknilíkanið tekur mið af almennum verðlagsuppfærslum fjárlaga á milli ára. Auk þessa mun menntamálaráðuneytið beita sér fyrir almennri endurskoðun á viðmiðum sem stuðst er við í líkaninu á 4 ára fresti.

XX 1998

Menntamálaráðherra

Skólameistari

Formaður skólaneindar

Fylgiskjal 1

Hér eru sett fram nokkur yfirlit sem ýmist sýna niðurstöðu reiknilfkansins eða eru ætluð til glöggvunar á því hvernig það vinnur og á hvaða forsendum.

Yfirlit 1 sýnir upplýsingar um skólum sem stuðst er við í reiknilíkani fyrir framhaldsskóla. Allar fjárhæðir eru í þús. kr.:

Fjórðaganúmer	02-353
Skóli	FS
Innritaðir nemendur 11/1996	804
Virkir nemendur - 17,5 ein. nem. 1996	722
Munur á fjölda Innritaðra- og virkra nemenda	-82
Hlutfall virkra nemenda af fjölda Innritaðra	90%
Áætlun um Inntötu nemenda 1998	770
Þar af í hólmaðist	
Nemendafjöldi í kvóðaskóla (áætlaður)	100
Húsnæði alls frn.	5.869
bókn. + stj.	4.519
veikn.	1.250
hólmað.	
mótlun.	200
Leigugjöld (552) 1996 skv. BÄR	2.265
Rafmagn á kvst 1995 (Með vísitöluhækkun til Jan. 97)	7,48
Í hólft vatn á númm. 1995 (Með vísitöluhækkun til Jan. 97)	65
Fjarlægð frá Rvk.	50
Moðal- árstæun í kennslu og stjórnu, Jan 1997	1.337
Laun skólarnestara	2.282
Virvinna skólarnestara	746

Yfirlit 2 sýnir megin forsendur líkansins og hvernig líkanið reiknar einstaka liði. Reiknilíkaninu er einungis ætlað að ákvarða licildar framlag til skólans. Sundurliðun á einstaka bókhaldsliði er einungis til viðmiðunar og byggir á almennum reiknivíðmiðum. Því verður að gera ráð fyrir að nokkur frávik séu á því hvernig líkanið raðar fjárveitingu niður á einstaka liði og því hvernig niðurröðun raunverulega rekstrarútgjalda verður. Allar fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi ársins 1997. Gerð er grein fyrir áætlaðri verðlagsuppfærslu fyrir árið 1998.

Nemendagildi 1998	702
Munur á áætluðum fjölda innritaðra nemenda og nemendagilda	-68
Nemendagildi sem hlutfall af áætluðum fjölda innritaðra nem.	91%
Vískala námsframboðs	1.1874
Hlutfall fornáms og hæðferða	22%
Reiknað kennslu magn skv. líkani	1.506
Dagvinnutímar	1.205
Yfirvinnutímar	301
Meðallíma kaup í dagvinnu	1.486
Meðallíma kaup í eftirvinnu	1.777
Dagvinnulaun alls (þús. kr.)	64.449
Yfir-vinna alls (þús. kr.)	18.271
Kennslu laun alls (þús. kr.)	83.721
Önnur kennslutengd störf (30%)	25.116
Laun skólamelstara	2.282
Yfir vinna skólamelstara	746
Samtals	111.865
Launat. gj.	14.342
Alls kennsla dagsk.	126.207
Uppfærsla fjárlaga 1998	14,30%
Alls kennsla dagsk. m. uppfærslu 1998	144.254
Lélgugjöld (552) 1996 skv. B.A.R.	2.285
Brækur (521) skv. líkani	3.148
Öyggv. & tæki (522-525) skv. líkani	1.493
Varahl. og viðh.v. (526) skv. líkani	579
Orka (527) skv. líkani	3.300
Alm. rekstrarv. (528-529) skv. líkani	1.495
Ýmsar vörur (531-543) skv. líkani	2.252
Fundir og ferðir (541-543) skv. líkani	1.568
Verkkaup, þjónusta (544-549) skv. líkani	2.289
Bóhaldstýktar: 551, 552, 553, 558 skv. líkani	3.541
Húsaleiga	7.751
Verðkaup I - II (554-555) skv. líkani	2.703
Verðkaup III (556) skv. líkani	1.012
Opnber gjöld o.fl. (571-574) skv. líkani	1.094
Önnur gjöld alls skv. líkani	34.668
Uppfærsla fjárlaga 1998	2,8%
Önnur gjöld alls skv. líkani m. uppfærslu 1998	35.660
Eignakaup (581-589) skv. líkani	2.738
Uppfærsla fjárlaga 1998	2,8%
Eignakaup (581-589) skv. líkani m. uppfærslu 1998	2.814
Önnur laun skv. líkani	17.693
Uppfærsla fjárlaga 1998	14,30%
Önnur laun skv. líkani m. uppfærslu 1998	20.223
Sértekjur skv. líkani	5.712
Uppfærsla fjárlaga 1998 (vegna kvðískóla)	10,7%
Sértekjur skv. líkani þús.kr. m. uppfærslu 1998	6.323
Rekstur alls (- sértekjur)	180.285
Rekstur alls (- sértekjur) m. uppfærslu 1998	

Yfirlit 3 sýnir almennar forsendur reiknilskansins og hvernig líkanið tekur tillit til vísitölu námsframboðs, smáðar skóla, fornáms og hægferða.

Forsendur v. vísitölu námsframboðs	
Hámarksafsláttur á mismunatölu nemenda vegna v	20%
Hámarksafsláttur er veittur þegar vísitala er	1,8
Afsláttur ekki veittur fyrir vísitölu undir	1,1
Forsendur v. fornáms og hægferða	
Hámarksafsláttur á mismunatölu nemenda v. forná	20%
Viðmið neðri mörk	3%
Viðmið hámarksafsláttar	50%
Skerðing vegna lítils fornáms og hægferða - undir:	5%
Eitli mörk hækkaðrar nýtingarkröfu	81%
Forsendur vegna smáðar skóla	
Uppbætur reiknast fyrir færri nemendagildum:	200
Neðslu mörk fyrir fjölda nemendagilda:	40
Neðslu mörk nýtingarkröfu:	55%
Forsendur vegna kennslu	
Hlutfall dagvinnu í launum vegna kennslu	80%
Hlutfall yfirvinnu í launum vegna kennslu	20%
Álag vegna annara starfa en kennslu	30%
Launafengi gjöld	13%
Hlín almennna nýtingarkröfu í kennslustundum	77,46%
Bekkiar- (hóp)stærða viðmið (alm. bóknóms)	25
Kennslustundafjöldi á viku pr nem. - viðmið	35

Yfirlit 4 sýnir önnur verkefni við skólann sem greitt er sérstaklega fyrir. Allar fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi ársins 1997. Gerð er grein fyrir áætlaðri verðlagsuppfærslu fyrir árið 1998.

	61	52 - 57	68	59	5	4	5 - 4
	Laun	Önnur gjöld án eignakaupa	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld samtals	Sér- tækjur	Mis- munur
Verkefni							
Sérdeild fyrir fallaða	1.000				1.000		1.000
Þátttaka í rekstri fullorðinsfr. miðsl.	1.200				1.200		1.200
Kvöldskóli	5.935				5.935	2.678	3.357
Samtals:	8.135				8.135	2.678	5.557
Með áætlaðri uppbót v. 1998	9.299				9.299	2.854	6.444

Yfirlit 5 sýnir framlög til skólans vegna húsaleigu og innheimtu húsaleigu. Allar fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi ársins 1997. Gerð er grein fyrir áætlaðri verðlagsuppfærslu fyrir árið 1998.

Framlag til skólans vegna húsaleigu	7.751
Vorð á formetna (kr.)	100
Húsaleiga, til greiðslu	7.150
Framlag til skólans vegna húsaleigu m. uppfærslu 2,8%	7.868
Vorð á formetna (kr.) m. uppfærslu 2,8%	103
Húsaleiga, til greiðslu m. uppfærslu 2,8%	7.361

Yfirlit 6 sýnir Heildar niðurstöðu reiknilskans að viðbættum öðrum verkefnum. Allar fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi ársins 1997. Gerð er grein fyrir áætlaðri verðlagsuppfærslu fyrir árið 1998.

		51 Laun	52 - 57 Önnur gjöld án eignakaupa	58 Eigna- kaup	59 Til- færslur	6 Gjöld samfals	4 Sér- tækjur	6 - 4 Mis- munur
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja								
101	Kennsla í dagsskóla	126,2				126,2	0,3	125,9
	Annað en Kennsla	17,7	34,7	2,7		55,1	6,3	48,9
109	Önnur Kennsla	5,9				5,9	2,6	3,4
	Sérverkefni	2,2				2,2	0,0	2,2
	Hélmavist.							
	Samfals	152,0	34,7	2,7		189,5	9,2	180,3
Áættuð uppbót vegna 1998		173,8	35,7	2,8		212,3	9,5	202,8